



Jóhann Briem.

Myndir: Vladimir Sichov.



Arnar Jónsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og börn þeirra fimm.

„Eg kynntist Tómasi Holton fyrir þremur árum þegar ég tók myndir af honum fyrir grein í People Magazine. Hann stakk upp á því að ég tæki myndir í þessa bók. Það var mér mikil ánægja því að það var einstætt verkefni að taka myndir í bók um listamenn í hinum aðskiljanlegustu greinum.“

Það er Vladimir Sichov, hinn þekkti rússneski ljósmyndari sem tekið hefur myndir af íslenskum listamönnum fyrir bók um íslenska menningu og listir sem Sigurður A. Magnússon hefur skrifað, sem hefur orðið.

Vladimir Sichov mætti á ritstjórnarskrifstofu DV á dögunum og fyrr en varði hafði hann gappað blaðamann í skák. Á meðan við tefldum greindi Sichov frá sjálfum sér og þessu íslenska verkefni.

#### Vill hafa tækifæri til að fara heim

Sichov er sjálfur mikill listunandi og því enn betur í stakk búinn til að ljósmynda listamenn. En leyfum honum að fá orðið:

„Það eru orðin sex ár frá því að ég fór frá Sovétríkjunum. Eg fór fyrst til Vínar. Eina löglega leiðin út úr Sovétríkjunum var að sækja um vegabréfsáritun til Ísraels. Eg hafði ekki áhuga á að flýja því að ég vil hafa tækifæri til að fara aftur heim.“

Eg er ekki of svartstýrn á að ég fái það. Þú veist að eftir byltinguna 1917 ríkti borgarastríð milli hvítliða og rauða hersins og í kjölfar þess flýðu margir, en meira að segja þetta fólk fékk um síðir sakaruppjöf og fékk að

snúa heim. Frá 1970 til 1979 fóru rúmlega 300.000 manns frá Sovétríkjunum til Ísraels. Og þrátt fyrir allt er þetta mikill fjöldi. Á hinn bóginn má nefna dæmi frá öðrum austantjaldslöndum. Roman Polanski, sem ég kannast við, hefur verið 20 ár vestanhafs og hann hefur alltaf haldið pólskum passa, meira að segja er herlögin voru sett. Eg vona að málin þróist á þann veg í Sovétríkjunum að slíkt verði hægt.

#### Götulífsmyndir

Í Sovétríkjunum tók ég mikið af götulífsmyndum en fékk þær ekki birtar þar. Þær voru birtar seinna vestantjalds en til að afla mér líf-brauds fékkst ég við myndatökur fyrir auglýsingar og ýmiss konar skreytingar. Svo gerði ég plötualbúm og veggspjöld fyrir vini mína í poppljómsveitum.

Eftir að ég kom til Vesturlanda, seint á árinu 1979, fékk ég strax mikið að gera. Um tíma voru ekki birtar eins margar myndir eftir nokkurn ljósmyndara og mig. Eg vann fyrir Paris Match (götumyndirnar), Life, Stern og Vouge. Eg hef tekið meira en 200 tiskuljósmyndir fyrir það blað og er enn að.“

— Hvernær byrjaðir þú að taka myndirnar af íslensku listamönnum?

„Eg tók megnið sumarið 1983 og vann við það í tvo mánuði.“

Við blöðum í gegnum bókina á milli þess sem skákmennirnir eru færðir til á borðinu. — Eru andlitsmyndir kannski sérgrein þín?

„Nei, enda eru það yfirleitt ekki klassískar andlitsljósmyndir sem eru í bókinni. Eg reyndi að ljósmynda listamennina í eðlilegu umhverfi þeirra, á vinnustað eða heimili. Eg tók myndir af sumum úti. Eg reyndi í öllum tilfellum að hafa eitthvað örllítið meira en bara manneskjurnar sjálfar. Einn hluti af heimilinu, einkennilegt fjall í baksýn, eitthvað til að bæta við.“

Sumir hafa spurt mig hvort ég hafi ekki liðið fyrir hversu lítill tími gafst til verksins. Mér finnst það asnaleg afsökun. Maður tekur aldrei tvær myndir á tveimur ólíkum augnablikum.

#### Íslendingar og Rússar líkir

Landslag Íslands er undarlegt og framandi. Eg hef ferðast mjög víða í Evrópu, Ameríku, Afríku og Asíu. Eg hef ekki kynnst neinni þjóð sem er eins lík Rússum og Íslendingar... og samt er umhverfið svo gjörólíkt.

Eg veit ekki til þess að það geti gerst annars staðar en á Íslandi og í Rússlandi að tvær manneskjur hittist úti á götu og fari að ræða um alheiminn og guðdóminn upp úr þurru. Það býr í okkur einhver innri þörf til andlegra iðkana. Eg held að menntun eða menning hafi hér ekki úrslitaáhrif. Eg held að fólk hreinlega fæðist svona. Manneskjan hefur persónuleika þegar hún fæðist og ég held að engin leið sé til að breyta henni algjörlega.

#### Sverrir á hóteli

Eg tók myndir af á að giska 170 íslenskum listamönnum. Það var reyndar dálítið leiðinlegt að nokkrir þeirra vildu ekki fá mynd af sér í bókina.

Eg ferðaðist með Magnúsi Magnússyni um landið til að taka landslagsmyndir af söguöldum Íslendingasagna (birtist á næsta ári) og sá þá hreint frábæra mynd á hóteli sem við dvöldum á. Eg vildi endilega hitta málaraðann Sverri Haraldsson, bæði sem ljósmyndari og listáhuga-maður, en því miður var mér tjáð að hann væri veikur og vildi ekki hitta fólk. Mér auðnaðist aldrei að hitta hann því að hann er nú látinn.“

Sigurður A. Magnússon er nú kominn á vettvang og við skoðum saman bókina. Hann segist halda mikið upp á ljósmynd Sichovs af Jóhanni Briem.

„Já, og Briem er frábær málari! Það er ósannjarnt að hann skuli ekki vera heimsfrægur. Eg man eftir því að ég sá gamalt verk eftir hann heima hjá honum, frá þriðja áratugnum held ég, sem sannfærði mig um að þar væri kominn stórkostlegur málari.“

#### Áhrifamikið að hitta Jakobínu

Eiginlega varð ég fyrir mestum áhrifum af Jakobínu Sigurðardóttur og ég var spenntur að hitta hana því hún er mjög þekkt sem rithöfundur í Sovétríkjunum. Íslenskar bókmenntir eru nokkuð mikið lesnar þar, Laxness auðvitað er þekktur. Jú, jú, ég hafði lesið íslensk verk áður en ég fór vestur. Og þessar stórkostlegu bókmenntir sýna að Íslendingar eru mikil þjóð...“

Skákin er að fjara út. Mér sýnist Sichov vera að ná undirtökunum, enda kóngsvængurinn í uppnámi hjá mér. Sigurður A. segir að ég megji telja mig góðan ef ég nái jafntefli. Eina leiðin út úr öförunum er að láta Sichov gleyma skákinni.

Það tekst. Hann rekur augun í mynd af Spassky sem hangir uppi á vegg.

„Nei, ég þekki ekki Spassky, en mig langar til að kynna honum og reyndar búum við í sömu borg, París.“

#### Aðdráttarafi Parísar

Af hverju ákvaðst þú að setjast að þar?

„París er auðvitað ekki sama miðstöðin og hún var, sérstaklega ekki í málalífinni en mér finnst hún vera enn miðpunktur Evrópu. Eg sótti um landvistarleyfi í Bandaríkjunum fyrst eftir að ég kom vestur en hætti svo við það eftir að hafa farið nokkrum sinnum þangað vegna starfa minna fyrir Life. París hentar mér vel sem dvalarstaður vegna vinnu minnar.“

Umraðurnar snúast brátt um ýmsa rússneska listamenn og hvers vegna París hafi alltaf haft slíkt aðdráttarafi bæði fyrir og eftir byltingu. Sichov segist ekki hitta mikið landsmanna í París, að minnsta kosti ekki vegna þess að þeir séu landar.

Okkur verður rætt um kvikmyndaleikstjórnann Kontchalovsky. Eg minni á að hann starfar vestantjalds en heldur sovéskum passa. Það er kannski ekki furða því að Sichov upplýsir mig um að faðir hans sitji í miðstjórn kommúnistaflokksins og hafi samið sovéska þjóðsönginn. „En hann flúði á sinn hátt, bróðir hans er besti kvikmyndagerðarmaður Sovétríkjanna og hann vildi ekki lifa í skugga hans.“

#### Dreymir um íslenska listsýningu í París

Sichov segir mér að frá því hann hafi farið vestur hafi þrjár vinir hans dáið í Gulaginu og hann gagnrýnir suma andófsmenn sem hafi með starfsemi sinni leitt aðra í fangelsi en verið óáreiðir sjálfir vegna frægðar erlendis.

En hér er ekki rúm fyrir spjall um Sovétríkin. Sichov og Sigurður eru tímabundnir og ég búinn að ná jafntefli í skákinni — á óheidarlegan hátt.

„Mig langar til að halda áfram að taka myndir af listamönnum eins og eru í þessari bók. Eg væri meira en til í að taka Vestur-Berlín fyrir...“

En að lokum vil ég segja þér að ég á þann draum að koma upp sýningu í París á verkum íslenskra listamanna.“ segir Sichov að lokum.

Og Sigurður A. bætir við. „Og hann gerir það örugglega.“